


## Athugaðu

Þessar upplýsingar eru engan veginn tæmandi. Það geta orðið ýmis óhjákvæmileg frávik. Hikaðu ekki við að biðja okkur um nánari útskýringar.

Með kveðju,  
starfsfólk dagdeildar og  
handlækningadeildar HVE Akranesi




Unnið Fritz H. Berndsen yfirlækni á HVE  
Akranesi í apríl 2004.  
Endursk. í maí 2017/PH

SHA/rmbæk56

**HVE Akranesi**  
Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## AÐGERÐ Á TVÍBURABRÓÐUR



**Heilbrigðisstofnun Vesturlands**  
**Akranesi**

Sími 432 1000, fax 432 1001  
[www.hve.is](http://www.hve.is)

## Aðgerð á tvíburabróður

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um aðgerð á tvíburabróður sem við vonumst til að komi þér að gagni. Skrifaðu hjá þér þær spurningar sem koma upp við lesturinn svo að þær gleymist ekki.

## Hvað er tvíburabróðir?

Tvíburabróðir er sýking undir húðinni við spjaldhrygginn (rassaskoru) og er talið að orsök hennar sé sú að hár vaxi inn á við þ.e. undir húðina. Við þetta myndast langvarandi bólga sem getur leitt til bráðrar sýkingar með graftrarkýli sem oft þarf að opna. Eftir sýkinguna myndast oft gangur út á yfirborð húðarinnar og eru endurteknar sýkingar ekki óalgengar.

Tvíburabróðir er nokkuð algengur, góðkynja en hvítleiður sjúkdómur sem oftast hrjáir ungt fólk.

## Aðgerðin

Aðgerðin er framkvæmd í stuttri svæfingu og tekur um það bil 30 mínútur. Allt sýkta svæðið er skorið í burtu (5-10 cm). Sárið er saumað saman og saumar eru teknar eftir 14 daga. Þrátt fyrir aðgerð fá 10-20% sjúklinga endurteknar tvíburabróðir og gerist það oftast á fyrsta árinu eftir aðgerð.

## Hvað þarf að hafa meðferðis?

Lyfjakort eða lyf sem þú notar reglulega.

## Undirbúningur fyrir aðgerð

Þú þarft að vera fastandi á mat í 6 klst. fyrir aðgerð, en mátt drekka vatn allt að 2 klst. fyrir aðgerðina.

Ekki er æskilegt að reykja að morgni aðgerðardags.

Þú mætir á dagdeildina eftir samkomulagi.

**Hjúkrunarfræðingur** tekur á móti þér, fær hjá þér nauðsynlegar upplýsingar, fer yfir þennan bækling og sýnir þér deildina.

**Svæfingalæknir** talar við þig, útskýrir helstu atriði varðandi svæfinguna og ákveður lyfjaforgjöf.

Þú þarft að fjarlægja gleraugu, linsur, alla skartgrip, naglalakk og andlitsfarða fyrir aðgerð. Þú þarft að tæma þvagblöðru fyrir aðgerð.

Aðgerðin tekur í allt u.þ.b. 15 mínútur.

## Eftir aðgerð

Þú vaknar fjótlega á vöknunarherbergi. Fylgst verður með blóðþrýstingi og hjartslætti í 1-2 klst og þú verður með vökva í æð þar til þú ert farin(n) að drekka og borða. Verkjalyf verða gefin eftir þörfum og mikilvægt er að nota verkun þeirra til að hósta upp slími, gera öndunaræfingar og hreyfa sig eftir getu.

**Þú mátt ekki aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu/deyfingu**

## Útskrift

Í langflestum tilfellum fara sjúklingar heim samdægurs. Áður en þú ferð heim færðu upplýsingar frá skurðlækni og ef til vill lyfseðil fyrir sýklalyfjum.

## Pegar heim er komið

Sáraumbúðir má fjarlægja eftir 1-2 daga og er þá í lagi að fara í sturtu. Eftir það er gott að hafa léttar umbúðir yfir sárinu t.d. grisju eða tauplástur. Ekki er ráðlegt að fara í sund eða bað í 3 vikur eftir aðgerðina.

**Saumataka** og eftirlit er yfirleitt eftir 14 daga. Ef upp koma merki um sýkingu í sárinu (roði, hiti, bólga, sárið vessar), þá er mikilvægt að hafa samband við lækni.

Það er einstaklingsbundið hve sjúklingar eru fljótir að ná sér eftir aðgerðina en ekki er óalgengt að sjúklingar þurfi að vera frá vinnu í 2 vikur. Mikilvægt er að forðast mikla líkamlega áreynslu s.s. íþróttir í 4 vikur eftir aðgerðina.